



OPNI HÁSKÓLINN

Í HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK

Fjöldi innlendra og erlenda rannsókna sýna fram á að aukin menntun skilar sér í auknum hagvexti, minna atvinnuleysi og aukinni nýsköpun. Símenntun (Lifelong Learning) er líklega öruggasta fjárfestingin sem þjóð á völ á, hvort sem lítið er á hag heildarinnar eða hag hvers og eins. Í þekkingu þjóðar krauma í senn ný tækifæri, sönn lífsgæði, traustari grunnur atvinnulífs og aðgöngumiði að nýrri heimsmynd.

- Áætlaður efnahagslegur ávinningur af einu aukaári í menntun innan OECD-landanna er venjulega á milli 3% og 6% - þann aukna hagvöxt má m.a. rekja til aukinnar vinnuframléiðni í kjölfar menntunar.
- Menntun er einnig talin auka félagslegan jöfnuð og samheldni, sem aftur er talið auka hagvöxt.
- Símenntun eykur starfsánægju, styrkir tengslanetið og ýtir undir nýsköpun á vinnustöðum.
- Jákvætt orsakasamhengi er á milli hærri menntunar og betri andlegrar og líkamlegrar heilsu.

Nánari upplýsingar og skráning:



Guðrún Högnadóttir
Framkvæmdastjóri
gudrunhogna@hr.is
Sími 599 6225



Charlotta Karlsdóttir
Forstöðumaður FagMenntar
charlotta@hr.is
Sími 599 6258




Halldóra G. Hinriksdóttir
Forstöðumaður StjórnMenntar
halldorah@hr.is
Sími 599 6573



Málfríður Þórarinsdóttir
Forstöðumaður FrumgreinaMenntar
malfrid@hr.is
Sími 599 6438

Skráðu þig núna á www.opnihaskolinn.is

A smiling man with short brown hair, wearing a blue and white patterned shirt, is shown from the chest up. He is looking slightly to the right of the camera. The background is a bright blue, out-of-focus industrial or office setting. On the right side of the image, there is a graphic overlay consisting of several interlocking gears. The top part of the graphic is a dark blue triangle, and the bottom part is a white triangle. The gears are light blue and white. Some of the gears have Icelandic text on them: 'HAG', 'PÚ', 'LÍFSGÆÐ', and 'ÖG'.

ÞEKING Í ÞÁGU ÞJÓÐAR



OPNI HÁSKÓLINN Í HR
SAMAN LÁTUM VIÐ HJÓLIN SNÚAST



Markmið Opna háskólans í HR er að virkja þekkingu til að auka samkeppnishæfni og lífsgæði með faglegu og hagnýtu námi. Við þjónum atvinnulífinu með fjölbreyttu framboði öflugra námsleiða og auðgum íslenskt samfélag með miðlun þekkingar utan hefðbundinna námslína á háskólastigi.


Rúmlega 500 námskeið eru á námskrá Opna háskólans í HR og fleiri en 300 leiðbeinendur koma að kennslu, bæði fræðimenn HR og kennarar erlendra samstarfsháskóla auk sérfræðinga úr íslensku atvinnulífi.

Við þjónum fjölbreyttum og ört vaxandi hópi þátttakenda ár hvert á viðburðum Opna háskólans í HR, allt frá börnum til frumkvöðla, sérfræðinga og stjórnenda með áratuga reynslu úr íslensku atvinnulífi sem og erlendum þátttakendum. Við eigum farsælt samstarf við fjölda innlenda og erlendra samstarfsaðila s.s. MIT, IESE, FranklinCovey, UNICON o.fl.

Við göngum til verks með fagmennsku, kraft og gleði að leiðarljósi. Við trúum því að frumkraftur farsællar þjóðar sé þekking.

Opni háskólinn í HR aðlagar námskeiðsframboð hverju sinni að áherslum samfélagsins og samkeppnishæfni þjóðarinnar. Öll námskeið byggja á traustum akademískum grunni og hagnýtri þekkingu úr atvinnulífinu með fremstu leiðbeinendum landsins. Kennsluaðferðir eru í senn fjölbreyttar og krefjandi og skapa áhrifamikla og persónulega nálgun hverju sinni.

NÁMSFRAMBOÐ



Námsbrautir: Stuttar, praktískar námsleiðir, sem eru ígildi ECTS eininga, eru tilvaldar fyrir þá sem vilja styrkja stöðu sína á vinnu- markaði og auka við menntun sína á háskólastigi.

Lengra nám: Úrval lengri námleiða sem eru sniðnar að þörfum einstaklinga í atvinnulífinu sem vilja bæta við sig þekkingu og hljóta viðurkenningu í sínu fagi, t.d. nám til löggildingar fyrir viðurkennda bókara, nám til prófs í verðbréfavíðskiptum, löggildingarnám fyrir fasteigna- og skipasala, rekstrar- og fjármálanám o.fl.

Opin styttri námskeið: Í boði eru fjölmörg styttri námskeið með úrvali klassískra og framsækinnna viðfangsefna. Námskeiðin eru 4 til 16 kennslustundir og henta vel þeim sem vilja bæta við sérþekkingu sína í skapandi námsumhverfi.

PMD Stjórnendanám HR: Námið er hannað að alþjóðlegri fyrirmynd og lagað að íslenskum aðstæðum til að efla faglega þekkingu stjórnenda og auka færni, frammistöðu og frumkvæði þeirra í dagsins önn.

Styttri námskeið fyrir stjórnendur: Hagnýt stutt námskeið fyrir stjórnendur í íslensku atvinnulífi, m.a. á sviði markaðsmála, fjármála, starfsmannamála, stjórnunar, stefnumótunar og persónulegrar færni.

Markþjálfun og einkaráðgjöf: Markþjálfun miðar að því að virkja getu einstaklinga og hópa og laða fram kjörframmistöðu með öflugri samtalstækni, matstækjum og persónulegum stuðningi.

Vinnustofur Franklin Covey: Áhrifaríkar, alþjóðlegar lausnir til aukins árangurs einstaklinga, liðsheilda og vinnustaða. Matstæki, vinnufundir stjórnenda, innleiðing stefnu og persónuleg forysta.

Sérnsniðnar lausnir fyrir vinnustaði: Sérnsniðin þekkingarsetur fyrir vinnustaði efla faglega þekkingu starfsmanna og stuðla að aukinni færni þeirra í starfi. Námskeiðin byggja á ítarlegri þarfagreiningu og sækja efnistöð til háskólasamfélagsins og vinnustaðarinnar.

Starfsdagar og hópefli: Fagleg þjónusta við undirbúning og framkvæmd starfsdaga, hópeflis og viðburða á vinnustöðum, m.a. fundarstjórnun og fyrirlestrar.

Viðskiptasmiðjan: Hraðbraut nýrra fyrirtækja – lengra nám sem ýtir undir nauðsynlega þekkingu til að koma á fót sjálfbærum rekstri.

Frumgreinanám: Einstakur valkostur fyrir fólk úr atvinnulífinu sem þarf frekari undirbúning til áframhaldandi náms á háskólastigi. Frumgreinanám HR byggir á rúmlega tæplega 50 ára hefð hefð og er í senn skemmtilegt en krefjandi nám í bekkjarkerfi fyrir fólk á öllum aldri.